



**Ávarp
forseta Íslands
Guðna Th. Jóhannessonar
við afhendingu
Íslensku bókmenntaverðlaunanna
og Blóðdropans, íslensku glæpasagnaverðlaunanna**

**Bessastöðum
24. janúar 2023**

Komið öll sæl og blessuð
ágætu áheyrendur nær og fjær,
rithöfundar og skáld,
fræðafólk og útgefendur.

Verið öll velkomin á þessa gleðistund. Senn verða Íslensku bókmenntaverðlaunin afhent hér á Bessastöðum auk Blóðdropans, Íslensku glæpasagnaverðlaunanna. Vel er við hæfi að heiðra verk á íslenskri tungu á þessum stað. Hér hafa meistarar málsins búið og starfað, skrifað og skáldað, grúskað og þýtt. Hér samdi Theódóra Thoroddsen þulur og kvæði, hér bjó Grímur Thomsen og orti sín ljóð, hér snaraði Sveinbjörn Egilsson Hómerskviðum og fleiru yfir á íslenskt gullaldarmál og hér var Jónas Hallgrímsson í hópi skólapilta.

Ef við horfum enn lengra aftur í aldir bjó Snorri Sturluson um skeið hér á Bessastöðum, mesti sagnaritari sem landið hefur alið. Því hefur einmitt verið haldið fram að hann hafi gefið staðnum þetta nafn. Sagnfræðingurinn Jenny Jochens telur trúlegt að Snorri hafi nefnt hann eftir tengdaföður sínum, Bersa hinum auðuga á Borg á Mýrum.

Í nýlegu riti Helga Þorlákssonar sagnfræðings um íslenska sögustaði eru líkur hins vegar leiddar að því að staðurinn sé frekar kenndur við hólmann Bessa hér í Bessastaðatjörn, fornt landamerki. Eftir stendur þó sú spurning hvernig hann fékk sitt nafn. Bessi er heiti yfir bjarndýr en varla rötuðu þau hingað. Þótti hólminn kannski líkjast birni í lögun? Hver veit? Í annarri nýrri bók, um áhrif

Kelta á Íslandi, bendir Þorvaldur Friðriksson fornleifafraeðingur svo á keltneska orðið *bés* eða *beus* sem þýðir stjórn, í samhengi við bæjarheitið Bessastaði. Nánar má fræðast um þátt Kelta í menningu og mannlífi til forna í stórvirki Helga Guðmundssonar, *Um haf innan*, og ýmsum verkum Gísla Sigurðssonar til að mynda. Nákvæmar rannsóknir eiga einmitt að leiða okkur að því líklegasta eða öruggasta í þessum efnum sem öðrum þótt alltaf sé hollt að virkja ímyndunaraflið líka.

Fræði nærast nefnilega á hvoru tveggja, frjórri hugsun og hliðsjón af verkum annarra að fornu og nýju. Sama má eflaust segja um bókmenntir, og tungumálið sjálf líka á andstaðum, endurnýjun annars vegar og íhaldssemi hins vegar.

Þannig þóttu ýmis orð eitt sinn við hæfi í opinberri umræðu en eru það ekki lengur. Hér þarf ekki að rekja dæmi og eflaust taka flestir undir að tungumálið hlýtur að breytast í takt við nýja tíma – eða hvað? Eða *flest*? Að undanfögnu hefur fólk rætt nokkuð um kyn og mál og sitt sýnist hverjum. Gjarnan er þá vitnað til snilldarsvars Vigdísar Finnbogadóttur þegar hún var spurð hvort hana ætti að kjósa til forseta af því að hún væri kona. „Nei, það á að kjósa mig af því að ég er maður,“ sagði Vigdís og festist það fólk í minni, enda satt og rétt. Við erum öll menn, hvort sem við erum konur, karlar eða kvár og Bergþóra Skarphéðinsdóttir var drengur góður. Samt gætir nú sums staðar kynlegrar slagsíðu í málinu ef svo má að orði komast. Einn pilturinn enn, sem hér sat í skóla á sínum tíma, var Jón Thoroddsen. Sá skrifaði síðar *Pilt og stúlku*, fyrstu rómantísku skáldsöguna á Íslandi, og síðan fylgdi næsta verk, ekki „karl og kona“ heldur *Maður og kona*.

Svona mætti áfram telja. Málið er margslungið. Þannig getur karlkyn í kveðjum og ávörpum verið rétt út frá málfari og vísað til allra. Hefði það samt ekki hljómað ankannalega ef ég hefði ávarpað ykkur öll hér áðan með því að segja ekki „komið öll sæl og blessuð“, heldur „komið allir sælir og blessaðir“?

Leyfum málinu að breytast og þróast eins og það hefur alltaf gert. Svo má líka fagna því að fólk vill skiptast á skoðunum um þjóðtunguna. Það sýnir að hún lifir góðu lífi. Og þessi viðburður sýnir einnig heldur betur að íslensk tunga lifir góðu lífi, að íslenskar bókmenntir lifa góðu lífi.

Ég býð ykkur öll aftur velkomin á hátíð íslenskra bókmennta. Nú syngur Jón Jónsson lagið „Gæti þín“, og er hann sjálfur höfundur lags og texta. Að því loknu mun Heiðar Ingi Svansson, formaður Félags íslenskra bókaútgefenda, taka til máls.